

Vísindasjóður FF/FS
Draft

Ársreikningur 2011 - 2014

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningur Vísindasjóðs FF/FS fyrir árin 2011 til 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Engar teljandi breytingar eru gerðar á reikningsskilaaðferðum milli ára.

Samkvæmt yfirliti um styrkveitingar og rekstur Vísindasjóðs FF/FS urðu eftirfarandi breytingar á eigin fé sjóðsins á árunum 2011 - 2014 í þús. króna

:

Árið 2014 - hækkun eigin fjár	11.019
Árið 2013 - hækkun á eigin fé	6.870
Árið 2012 - lækkun á eigin fé	(3.600)
Árið 2011 - lækkun á eigin fé	(47.102)

Ársreikningur Vísindasjóðs FF/FS fyrir árin 2011 til 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Engar breytingar eru gerðar á reikningsskilaaðferðum milli ára. Stjórnin vill í áritun sinni á ársreikninginn vísa til fyrirvara sem fram kemur í áritun endurskoðanda.

Stjórn Vísindasjóðs FF/FS staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árin 2011 til 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, / 2015

Í stjórn sjóðsins:

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Vísindasjóðs FF/FS

Undirritaður hefur endurskoðað meðfylgjandi ársreikningurinn Vísindasjóð FF/FS fyrir árin 2014 til 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýringu stjórnar, yfirlit um ráðstöfun fjár á árinu, efnahagsreikning í árslok og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við III kafla laga um bókhald nr. 145/1994. Samkvæmt því ber þeim að tryggja að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Undirritaður telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Fyrirari í áritun

Hluti af framlögum félagsmanna Vísindasjóðs berst sjóðnum í gegnum fjárreiður og bókhald KÍ (Kennarasamband Íslands). Þessar greiðslur berast Vísindasjóði í formi mánaðarlegra greiðslna frá KÍ, en engar skilagreinar fylgja þeim greiðslum. Af þessu leiðir að Vísindasjóður getur ekki brotið þessi framlög niður á sjóðfélaga eins og reglur sjóðsins mæla fyrir um, og gert er með öll önnur framlög til sjóðsins. Réttindabókhald sjóðsins líður fyrir þetta, en áhrif á heildar fjárhagsstöðu sjóðsins eru ekki talin veruleg, að því gefnu að öll framlög til sjóðsins hafi borist honum í því ferli sem að framan er lýst. Í þessu sambandi þarf sérstaklega að horfa til ársins 2011.

Álit

Að teknu tilliti til þess fyrirvara sem í ofanrituðu felst, er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af starfsemi Vísindasjóðs FF/FS á árunum 2011 til 2013 efnahag hans 31. Desember ár hvert og breytingum á fjárhagslegri stöðu hans á þessum árum, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, / 2015

Guðlaugur Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um styrkveitingar og rekstur 2011 - 2014

		2014	2013	2012	2011
Draft					
Framlög og styrkir félagsmanna:					
Framlög sjóðsfélaga á árinu	8	142.254	137.375	133.711	116.939
Framlög án skilagreina (berast frá KÍ)		2.159	973		
Veittir styrkir til sjóðsfélaga á árinu	4	(129.280)	(127.957)	(134.762)	(161.294)
Framlög umfram styrki (styrkir umfr. framlög)		15.134	10.391	(1.051)	(44.355)
Vaxtatekjur af bankainistæðum		6.879	6.915	7.211	7.632
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum		(1.376)	(1.383)	(1.443)	(1.485)
Hreinar tekjur (tap) ársins		20.637	15.923	4.718	(38.208)
Laun og tengd gjöld við rekstur sjóðsins	5	(4.989)	(3.253)	(3.039)	(5.378)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	(4.629)	(5.800)	(5.279)	(3.516)
Aukning (lækkun) eigin fjár á árinu		11.019	6.870	(3.600)	(47.102)
Eigið fé frá fyrra ári		133.484	126.614	130.213	177.315
Óráðstafað eigið fé til næsta árs		144.503	133.484	126.614	130.213

Efnahagsreikningur 31. desember

Eignir:		<u>2014</u>	<u>2013</u>	<u>2012</u>	<u>2011</u>
Draft					
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Óinnkomin framlög félagsmanna í árslok		<u>11.210</u>	<u>8.661</u>	<u>8.052</u>	<u>7.760</u>
		<u>11.210</u>	<u>8.661</u>	<u>8.052</u>	<u>7.760</u>
Handbært fé:					
Bankainnstæður.....	3	<u>141.918</u>	<u>134.425</u>	<u>126.750</u>	<u>131.723</u>
		<u>141.918</u>	<u>134.425</u>	<u>126.750</u>	<u>131.723</u>
Veltufjármunir alls		<u>153.127</u>	<u>143.086</u>	<u>134.802</u>	<u>139.483</u>
Eignir alls		<u><u>153.127</u></u>	<u><u>143.086</u></u>	<u><u>134.802</u></u>	<u><u>139.483</u></u>

Eigið fé og skuldir:

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	9	<u>144.503</u>	<u>133.484</u>	<u>126.614</u>	<u>130.213</u>
Eigið fé alls		<u>144.503</u>	<u>133.484</u>	<u>126.614</u>	<u>130.213</u>

Skammtímaskuldir

Kennarasamband Íslands.....	7	<u>8.111</u>	<u>8.111</u>	<u>8.111</u>	<u>8.111</u>
Ógreiddur kostnaður.....		<u>500</u>	<u>1.481</u>	<u>77</u>	<u>1.158</u>
Fyrirfram greidd iðgjöld.....		<u>13</u>	<u>10</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir alls		<u>8.625</u>	<u>9.602</u>	<u>8.189</u>	<u>9.270</u>
Skuldir alls		<u>8.625</u>	<u>9.602</u>	<u>8.189</u>	<u>9.270</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u><u>153.127</u></u>	<u><u>143.086</u></u>	<u><u>134.802</u></u>	<u><u>139.483</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Vísindasjóður Félags framhaldsskóðakennara (FF) og Félags stjórnenda í framhaldsskólum (FS) fær framlög frá launagreiðendum kennara og veitir endurmenntunarstyrki til félagsmanna. Sjóðurinn er til heimilis að Bitruhálsi 2, 108 Reykjavík.

2. Reikningskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsaðferð. Hann er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og notaðar voru árin á undan, sem sýnd eru í samanburði.

Draft

3. Handbært fé

Handbært fé í efnahagsreikningi samanstendur af óbundnum bankainnistæðum sjóðsins í árslok.

4. Styrkir til sjóðsfélaga

Sjóðurinn veitir endurmenntunar- náms- og ferðastyrki til sjóðsfélaga í samræmi við úthlutunarreglur, og greinast þeir þannig í þús. króna:

	<u>2013</u>	<u>2013</u>	<u>2012</u>	<u>2011</u>
A-deild, endurmenntunarstyrkir	73.907	71.082	72.483	61.261
B-deild, náms- og ferðastyrkir	55.373	56.847	62.279	100.033
	<u>129.280</u>	<u>127.929</u>	<u>134.762</u>	<u>161.294</u>

Þegar HÍK gekk í KÍ þá gengu félagsmenn HÍK í Félag grunnskólakennara eða Félag framhaldsskólakennara eftir atvikum. Um leið máttu þessir kennarar velja hvort þeir gerðurst aðilar að Vísindasjóði FF/FS eða Vonarsjóði grunnskólakennara, óháð félagsaðild. Á árunum 2011 - 2014 bárust Vísindasjóði hins vegar engin iðgjöld frá þeim félagsmönnum HÍK sem á sínum tíma völdu að gerast aðilar að Vísindasjóði FF/FS. Stjórn Vísindasjóðs FF/FS hefur ítrekað ýtt á eftir þessum millifærslum og skýringum frá Vonarsjóði við forráðamenn Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum, en án árangurs.

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld stjórnarmanna, eru bæði fyrir stjórnarstörf, og störf þeirra við daglegan rekstur sjóðsins. Þau greinast þannig í þús. króna:

	<u>2014</u>	<u>2013</u>	<u>2012</u>	<u>2011</u>
Laun og tengd gjöld hjá KÍ	0	0	0	3.708
Laun stjórnar og á skrifstofu	3.595	2.744	3.805	1.468
Tryggingagjald	352	277	269	108
Lífeyrissjóðsgjöld	288	220	205	92
Sjóðagjöld	5	12	3	2
	<u>4.239</u>	<u>3.253</u>	<u>4.282</u>	<u>5.378</u>

Skýringar

		2013	2012	2011
6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður				
Lögfræðikostnaður	2.099	976	1.576	1.883
Aðkeypt skrifstofuþjónusta	392	1.019	793	724
Endurskoðun og reikningsskil	500	1.481	0	0
Pappír, prentun og ritföng	91	74	74	91
Aksturskostnaður	751	643	691	379
Gjaldfærð áhöld	0	6	6	51
Sími, burðargjöld og ýmis kostnaður	172	47	44	17
Aðkeypt þjónusta við tölvukerfi	633	717	1.262	228
Skrifstofuaðstaða	753	753	753	144
Aðgangur að þjóðskrá	0	83	79	0
	<u>5.391</u>	<u>5.800</u>	<u>5.279</u>	<u>3.516</u>

Draft

7. Viðskiptastaða Vísindasjóðs við KÍ

Viðskiptastaða við KÍ er frá árinu 2011, þegar Vísindasjóður var tekinn úr umsjón þess. Um þessa stöðu hefur ekki enn verið samið, og af því leiðir að viðskiptastaðan kann að vera eitthvað önnur en skráð viðskiptastaða í bókum sjóðsins segir til um. Það er þó skoðun stjórnarinnar að staðan verði aldrei hærri en hér kemur fram.

8. Framlög sjóðsfélaga

Framlög félagsmanna til sjóðsins eru skráð á kennitölur þeirra samkvæmt skilagreinum, sem berast sjóðnum mánaðarlega frá launagreiðendum. Vegna ágreinings við KÍ um upplýsingaskyldu sambandsins við sjóðinn hefur orðið misbrestur á þessari skráningu vegna þess að nokkuð berst enn af framlögum í gegnum bókhald og fjárreiður KÍ, sem sjóðurinn hefur ekki skilagreinar yfir. En KÍ sendir mánaðarlega nokkrar greiðslur til sjóðsins vegna þessara framlaga, en án þess að skilagreinar fylgi með. Unnið er nú skipulega að því að rekja þessar greiðslur niður á félagsmenn, og standa vonir til að unnt verði að rekja niður á félagsmenn allar greiðslur til sjóðsins vegna ársins 2014. Á árinu 2014 greiddi KÍ þannig til sjóðsins kr. 2,2 mil. og á árinu 2013 kr. 1,0 mil. án viðeigandi skilagreina. Hliðstæðar greiðslur bárust á árunum 2012 og 2011. Því hefur í sumum tilvikum ekki verið hægt að viðurkenna sjóðsréttindi þeirra félagsmanna, sem standa að baki þessum greiðslum. Unnið er að lausn málsins eins og áður sagði, en því miður án aðstoðar og gagna frá KÍ, sem býr yfir þessum upplýsingum..

	2014	2013	2012	2011
9. Óráðstafað eigið fé				
Eigið fé frá fyrra ári	133.484	126.614	130.213	177.315
Breyting eigin fjár á árinu - hækkun/(lækkun)	<u>11.019</u>	<u>6.870</u>	<u>(3.600)</u>	<u>(47.102)</u>
Óráðstafað eigið fé til næsta árs	<u>144.503</u>	<u>133.484</u>	<u>126.614</u>	<u>130.213</u>